



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2025
USK25030363

Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um bættar almenningssamgöngur frá stúdentagörðunum við Háskóla Íslands að lágvöruverslun

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 2. apríl 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 26. mars 2025.

Tillaga Framsóknar um bættar almenningssamgöngur frá stúdentagörðunum við Háskóla Íslands að lágvöruverslun

Lagt er til að því verði beint til Strætó BS. að leiðakerfi strætó verði breytt þannig að það tryggi aðgengi stúdenta sem búa á stúdentagörðum við Háskóla Íslands að lágvöruverslunum við Granda.

Greinargerð Almenningsamgöngur við stúdentagarða Félagsstofnunar Stúdenta við Háskóla Íslands eru í dag ótengdar við lágvöruverslun. Íbúar svæðisins þurfa að sækja ýmsa verslun og þjónustu á Granda en þar eru staðsettar lágvöruverslanir. Breyting á leiðakerfi strætó á þann veg að strætó stoppi í nálægð við Háskóla Íslands og fari út á Granda bætir aðgengi íbúa svæðisins að þeim verslunarkjarna sem þar hefur byggst upp. Mikilvægt er að bæta aðgengi stúdenta að lágvöruverslun enda er það hópur sem að jafnaði er lágtekjuhópur. Sá hópur sem ferðast minnst með bíl er á aldrinum 18-24 ára en það er jafnframt sá aldurshópur sem ferðast mest með almenningssamgöngum í Reykjavíkurborg samkvæmt ferðavenjukönnun sem gerð var árið 2024. Þá eru íbúar Mið- og Vesturbæjar einnig ólíklegastir til að ferðast með bíl en líklegastir til að ferðast með almenningssamgöngum ef horft er til búsetu samkvæmt sömu könnun. Stúdentaráð hefur kallað eftir bættum almenningssamgöngum og að almenningssamgöngur séu raunhæfur valkostur fyrir stúdenta.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. apríl 2025.

Umsögn:

Skrifstofa samgangna- og borgarhönnunar hefur skilning á mikilvægi góðra almenningssamgangna fyrir stúdenta og að aðgengi að daglegri þjónustu, t.d. matvöruverslunum, sé liður í því að bæta lífsgæði og samgöngumöguleika stúdenta sem búa á stúdentagörðum við Háskóla Íslands.



Reykjavík



Síðustu ár hefur Strætó unnið að því að móta Nýtt leiðanet, sem ætlað er að taki gildi í skrefum eftir því sem framkvæmdum við Borgarlínu miðar fram. Ein af þeim línunum sem þar eru lagðar fram er almenn leið I, milli HR, Skerjafjarðar, Vesturbæjar, og Granda. Þegar þessi leið hefur akstur, verður komin bein tenging almenningssamgangna milli m.a. stúdentagarða og verslunarsvæðisins við Granda, en forsenda fyrir henni er ný strætótenging sunnan flugvallarins, milli HR og Skerjafjarðar. Sú tenging er hluti af þeim framkvæmdum sem í gangi eru vegna brúarinnar milli Nauthólsvíkur og Kársness.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó er unnið að áframhaldandi endurskoðun leiðakerfis með það að markmiði að bæta tengingar milli íbúasvæða, þjónustukjarna og menntastofnana. Reykjavíkurborg mun koma þessari ábendingu á framfæri við Strætó í þeirri vinnu, með ósk um að þessi leið verði í forgangi.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deild samgangna